

EFNISFLUTNINGAR Í SKEIÐARÁRHLAUPI 1972

HAUKUR TÓMASSON jarðfræðingur
HREFNA KRISTMANNSD. jarðfræðingur
SVANUR PÁLSSON
PÁLL INGÓLFSSON

RIT
OS-ROD 7407

Gert fyrir
Vegagerð Ríkisins
Mars 1974

EFNISFLUTNINGAR Í SKEIÐARÁRHLAUPI 1972

HAUKUR TÓMASSON jarðfræðingur
HREFNA KRISTMANNSD. jarðfræðingur
SVANUR PÁLSSON
PÁLL INGÓLFSSON

E F N I S Y F I R L I T :

	Bls.
1. Inngangur	1
2. Lýsing Sandsins	2
3. Niðurstöður fyrri aurburðarmælinga	3
4. Hlaupið 1972	5
5. Botnskrið og breytingar á farvegum	7
6. Í sjónum	11
7. Grunnstingull og sortering	13
8. Bergfræði, eðlisþyngdar- og rúmþyngdar-ákvarðanir	13
9. Líkan af Grímsvatnahlaupi	16
9.1 Á milli hlaupa	
9.2 Hlaup	
9.3 Eldgos í jöklinum	
9.4 Eftir hlaup	

T Ö F L U R :

1. Yfirlit um sýni	2
2. Niðurstöður ýmissa aurburðarmælinga í Skeiðará	4
3. Aurburður af mismunandi kornastærð í hlaupi 1972	6
4. Flatarmál, rúmmál og þungi lags 1	8
5. Botnsskriðsmælingar	9
6. Ferskvatn og aurmagn sjávar út af Skeiðarársandi	11
7. Aurinnihald í sjónum út af Skeiðarársandi	12
8. Vatnsmagn og aurmagn Grímsvatnahlaups	15

M Y N D I R :

1. Farvegur Grímsvatnahlaups og útbreiðsla í sjónum. Fnr. 11507
2. Rennslilínurit, úrkoma og hiti. Fnr. 11506
3. Aurburður af mélu í Skeiðará, Gígju og Súlu. Fnr. 11503
4. Mór/mélu hlutfall. Fnr. 11504
5. Méla og mór í Skeiðará. Fnr. 11505
6. Snið í botnefni - SKÚ. Skeiðará. Fnr. 10930
7. " " " - SKG. " Fnr. 10929
8. " " " - SKB. " Fnr. 10928
9. " " " - Gí. Gígja Fnr. 10931
10. Þversnið í hlaupfarveg. Fnr. 11536
11. Súlurit af kornastærðarflokkum botnsýna. Fnr. 11033
12. Hlutfallslegur aurburður ýmissa kornastærða. Fnr. 11537
13. Snið í sjóinn út af Skeiðarársandi. Fnr. 11539
14. Línurit um samband hita og seltu við blöndun sjávar. Fnr. 11630
15. Ferskvatnshlutfall og aurburðarmagn í sjónum. Fnr. 11538
16. Súlurit af kornastærðarflokkum svifaurs, aurs í ís o.fl. Fnr. 11034
17. Aurburður á mismunandi dýpi. Fnr. 11565
18. Rúmþyngd sem fall af kornastærð. Fnr. 11032
19. Þríhyrningslínurit um samsetningu efnis. Fnr. 11556
20. Uppleyst efni í Skeiðará 1962-1965. Fnr. 11557
21. Líkan af Skeiðarárhlaupi 1972. Fnr. 11568

INNGANGUR

Skýrsla þessi fjallar um efnisflutninga á Skeiðarársandi í Grímsvatnahlaupi 1972. Tekin eru fyrir: heildarmagn efnisflutninga; dreifing þeirra í tíma og rúmi, bergfræðileg samsetning, eðlisþyngd, rúþþyngd og loks nokkrar ábendingar um eiginleika Grímsvatnahlaupa, sem þessar athuganir gefa ástæðu til.

Nokkrar athuganir hafa áður verið gerðar á efnisflutningum Skeiðarárhlaupa. Fyrst var það gert 1938 af Sigurði Þórarinssyni, að tekin voru 2 sýni og greint magn aurs í þeim. Nokkuð ýtarleg rannsókn var gerð á hlaupinu 1954, og eru niðurstöður hennar í grein eftir Sigurjón Rist, forstöðumann Vatnamælinga, í Jökli árið 1955. Tekin hafa verið sýni úr fleiri hlaupum, og einnig hefur nokkuð verið tekið á milli hlaupa, en í langflestum tilfellum vantar rennslistölur með þeim sýnum.

Efnisflutninga er ekki hægt að reikna án vitneskju um rennsli. Rennsli þessa hlaups og reyndar fyrri hlaupa er áætlað af Sigurjóni Rist. Hann notar til útreikninganna Manning-jöfnu eða hraðadreifingu sem á henni byggir með Manningstuðli 45, sem í sjálfu sér er ekki óeðlilegt. Strangt tekið, gildir þó Manning-jafnan ekki við þessar aðstæður, þar eð botninn er á hreyfingu. Reynslujöfnur, sambærilegar Manning jöfnu, eru ekki til fyrir botn á hreyfingu. Tilraunir í straumfræðistöðvum benda þó til, að þarna sé um flókið samband að ræða, sem gefur gildi, töluvert frábrugðið Manning, ýmist upp á við eða niður í rennslistölum.

Því er þetta mál upp tekið hér, að nokkur þverstæða er í, að útreiknað heildarrensli er 3.2 km^3 í hlaupinu, en rúmmál Grímsvatna aðeins helmingur þessa. Nokkuð vatn er örugglega annars staðar upp runnið en úr Grímsvötnum, en magn þess er óþekkt. Þessi atriði verða rædd í síðasta kafla skýrslunnar með ýmsum þeim atriðum, sem varpað geta ljósi á háttu hlaupsins, og efnisflutningarnir og rannsóknir tengjar þeim kasta nokkru ljósi á.

Rannsókn vegna efnisflutninga hlaupsins fór fram í þrennu lagi úti í mörkinni. Í fyrsta lagi athugun á sandinum fyrir hlaupið. Það fór fram í leiðangri á sandinn í júlí-mánuði 1971, og voru þá tekin nokkur sýni af sandinum í gryfjum, gröfnum með traktorsgröfu. Var þetta fyrst og fremst gert við Skeiðará sjálfa. Tekin voru 9 sýni af botnefni á 7 stöðum frá Skaftafellsbrekkum og niður fyrir brúarstaði. Fyrir hlaupið tók Vegagerðin einnig nokkur sýni við Súlu af botnefni.

Aðalrannsóknin fór þó fram, meðan á hlaupinu stóð. Voru þá tekin svifaurssýni á ýmsum stöðum við Skeiðará, úr Gígjukvísl og úr Súlu. Einnig voru tekin til samanburðar sýni úr jökulám í Örafum. Þá voru einnig tekin sýni af jökulís, sem flaut með vatninu, gerðar athuganir á botnsskriði með botnsskriðsaffnara og tilraunir til að hlusta á velting stórgrýtis með botni.

Að lokum var botninn rannsakaður að loknu hlaupi og grafinn þá fjöldi hola, teiknuð upp snið af þeim og sýni tekin. Var þetta gert bæði við Gígju og Skeiðará. Samanlagður fjöldi sýna var, eins og hér segir, í töflu 1:

T A F L A 1

Yfirlit um sýni

1. Fyrir hlaup: 9 sýni Skeiðará; 4 Súla, allt botnefni.
2. Á meðan á hlaupi stóð:
 - 2.1 Svifaur: 27 sýni úr Skeiðará; 10 sýni úr Gígju; 3 sýni úr Súlu; 4 sýni úr ósum áanna og 2 sýni úr hvorri, Svínafellsá og Skaftafellsá.
 - 2.2 Jökulís: 5 sýni úr Skeiðará og 1 sýni úr Gígju.
 - 2.3 Botnskrið: 9 úr Skeiðará og 2 úr Gígju.
 - 2.4 Botnefni og bakkar: 3 úr Skeiðará og 2 úr Gígju, 4 frá ósum.
3. Eftir hlaup:
 - 3.1 Botnefni: 88 úr Skeiðará, 14 úr Gígju.
 - 3.2 Fyrirbæri við útfall Skeiðarár, m.a. grunnstingull; 6 sýni.

Auk þessa tók Hafrannsóknarstofnunin sýni úr sjónum rétt eftir hámark hlaupsins og mældi aurinnihald þeirra og dreifingu ferska vatnsins með ströndinni. Þessi sýni voru einnig tekin til frekari rannsókna á aurburðarrannsóknastofunni í Keldnaholti.

Úrvinnsla á sýnum fór fram í aurburðarrannsóknarstofu Orkustofnunar í Keldnaholti og að einhverju leyti hjá Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins. Í öllum sýnum var kornadreifing mæld, en auk þess magn aurs í svifaurssýnum, Berggreining, eðlisþyngd korna og rúmþyngd efnis var mælt í fjölda sýna. Alls eru kornakúrfur 214. Magntölur 74; berggreining 183; eðlisþyngdarákvarðanir 158 og loks rúmþyngdarákvarðanir 8.

2. LÝSING SANDSINS.

Skeiðarársandur er hér skilgreindur sem ár og flóðaurar þeir sem liggja framan við Skeiðarárjökul og millum hans og sjávar. Hann rennur að austan saman við aura áanna, sem frá skriðjökulum Örafajökuls koma og að vestan saman við aura Djúpár, Hverfisfljóts og Skaftár, sem koma frá Síðujökli. Skeiðarársandur er við sjó yfir 40 km breiður en jökulröndin er um 20 km löng. Fjarlægð frá Jökli til sjávar er rúmlega 20 km þar sem styst er en allt að 30 km þar sem lengst er. Hæstur er sandurinn upp við jökul nærri 100 m hár yfir sjó en lækkar svo jafnt og þétt til sjávar og er meðalhalli hans um 3-4 o/oo.

Sandinum má nokkuð eðlilega skipta í 3 svæði frá jökli til sjávar eins og sýnt er á 1. mynd. Efst eru öldurnar og svæðið milli þeirra og jökuls. Öldurnar eru að mestu frá þessari öld og ummerki um fyrri stöðu jökulsins. Innan við öldurnar eru á vatnasvæði Gígju 3 nokkuð stór vötn. Í miðið er nokkuð bratt hallandi sandur mjög grófur í kornið við Skeiðará og Súlu en sandkenndur við Gígjukvísl, en hún er niðurgrafin á þessu svæði. Neðsta svæðið er svo að mestu sandur og eru farvegir mjög grunnir og jarðvatn upp við yfirborð. Þetta svæði hefur eitthvað minni halla en miðsvæðið en þó kemur það ekki greinilega fram á kortum. Þar sem ekki byltast jökulvötn um svæðið, eru grunnar en breiðar lindár eða landið er hulið örþunnri vatnshúð, kölluð gljá.

Miðsvæðið er nokkurn veginn sjálfgefið fyrir vegalangu, þar eð á efsta svæði er mikið af óbráðnuðum ís hulinn í sandinum, en á neðsta svæðinu gera lindir og lindár vegalagningu dýrari. Hið valda brúa og vegstæði er því neðarlega á miðsvæðinu.

3. NIÐURSTÖÐUR FYRRI AURBURÐARMÆLINGA

Í töflu 2 eru niðurstöður fyrri aurburðarmælinga í Skeiðará og úr Grímsvatnahlaupum. Sýni hafa verið tekin frá 1956 öðru hverju og úr hlaupunum 1938, 1954, 1965 og 1972. Frá 1962 er unnið úr sýnum á aurburðarrannsóknarstofunni í Keldnaholti og fást þá miklu fyllri upplýsingar. Til loka árs 1965 eru sýni tekin í venjulegar flöskur án sýnitaka. Síðan 1965 hefur lítið verið tekið af sýnum fyrir utan í hlaupinu 1972. En það hefur allt verið tekið í sýnitaka og vandað til eins og kostur er á. Flest eru sýnin tekin úr Skeiðará á móts við Skaftafellsbrekkur eða ofarlega á svæði 2 á sandinum.

Rennslismælingar í vötnum á Skeiðarársandi eru örfáar. Ekki er heldur vitað um rennslið þegar sýni eru tekin. Er því engin leið að reikna heildaraurburð með venjulegri aðferð, þ.e. daglegu rennsli árinna og lykli um samband aurburðar og rennslis. Hér varð því að áætla aurburðinn úr frá ágiskunni ársrennslis og meðalinnihaldi aurs í sýnum. Í töflu 2 er árinu skipt í tvennt, vetur og sumar. Samkvæmt þessu virðist ársaurburður Skeiðarár af svifaur vera 3-7 milljónir tonna fyrir utan Grímsvatnahlaup. Aurburðurinn er frekar grófur, mest í mó og málukornastærðum. Skeiðará er með meiri aurburðarám á Íslandi í normal ástandi.

Í töflu 2 er útreiknað á sama hátt heildaraurburður þeirra fjögurra Grímsvatnahlaupa, sem sýni hafa verið tekin úr, en það eru hlaupin 1938, 1954, 1965 og 1972. Í hlaupinu 1938 er svifaur 88 millj. tonna, 1954 er svifaur 29 millj. tonna, 1965 er svifaur 17 millj. tonna og 1972 um 32 millj. tonna. Í hlaupinu '65 er kornadreifing svipuð og fyrir ána venjulega, en '72 er mun meiri mór en annars er vitað um. Samanlagður aurburður Skeiðarár í hlaupum og utan gerir hana að mestu eða næstmestu aurburðará á Íslandi. Aðeins jökulsá á Brú kann að slá hana út.

Uppléyst efni í vatninu eru undir venjulegum kringumstæðum svipuð og í öðrum ám á Íslandi eða um 50 mg/l. Einstaka sinnum hefur Skeiðará þó verulega hærri gildi á uppléystu, sem er það mikið að telja verður að um verulega íblöndun jarðhitavatns sé að ræða. Í Grímsvatnahlaupum eru uppléyst efni miklu meiri eða 300-400 mg/l.

T a f l a 2

Niðurstöður ýmissa aurburðarmælinga í Skeiðará

	Upp- leyst mg/l	Rennsli á ári Gl	Sandur		mór		méla		leir		Samtals mg/l	Sýni fjöldi	Ath.	
			mg/l	10 ³ 10 ³ /kg	mg/l	10 ³ 10 ³ /kg	mg/l	10 ³ 10 ³ /kg	mg/l	10 ³ 10 ³ /kg				
Hlaup '38		7200									12250	88200	2	allt hlaupið
Hlaup '54	388	3500									8265	28930	10	allt hlaupið
'54-62 sumar		3200									867	2774	20	
56-62 vetur		2000									394	788	39	
meðaltal '54-'62												3562		árið
sumar 62-65	53	3200	226	723	604	1932.800	492	1574400	165	528000	1487	4758	10	
vetur 62-65	76	2000	57	114	281	562.000	267	534000	204	408000	809	1618	15	
meðaltal '62-'65												6376		árið
Hlaup '65	275	3200	390	1.248	2701	8.643	1900	6080	403	1286	5392	17257	12	allt hlaupið
Hlaup '72	353	2375	652	1.550	6525	15.500	2605	6185	240	570	10023	23805	34	Skeiðará
	333	725	1885	1.335	5820	4.220	2531	1835	248	180	10441	7570	10	Gýgja
	314	80	86	7	565	45	1192	95	223	18	2066	165	3	Súla
Samtals		3200		2.892		19.765		8115		768	10000	31540	47	allt hlaupið

4. HLAUPIÐ 1972

Grímsvatnahlaupið 1972 hófst snemma í mars en óx framan af mjög hægt. Um miðjan mars fer hlaupið að vaxa hraðar. Á 2. mynd er sýnt hlutfallsleg dreifing rennslis í hlaupinu. Það nær hámarki 24. mars en fer fyrst verulega að minnka þann 26. Hlaupinu er lokið fyrstu dagana í apríl. Samkvæmt mælingum Sigurjóns Rist er hámarksrennsli í Skeiðará 5700 m³/sek 23. mars, en í Gígju 2000 m³/sek 25. mars. Súla náði hámarki einnig 25. mars með innan við 200 m³/sek rennslis.

Sýni af aurburði voru tekin á tímabilinu frá 19. til 27. mars. Við Skeiðará var aðallega tekið á 4 stöðum frá Útfalli og niður að brúarstöði og auk þess eitt sýni við ósa. Við Gígju voru sýni tekin af tveim stöðum en stutt er þar á milli. Einnig voru þar tekin sýni við ósa. Við Súlu voru öll sýnin tekin á sama stað.

Þegar litið er á niðurstöður frá Skeiðará sést að ekkert samband var milli aurburðar og rennslis. Auk þess er aurmagn töluvert breytilegt frá einum stað til annars í ánni. Aurmagnið minnkaði í átt frá jöklinum og einnig var það breytilegt í þversniði. Eini staðurinn með nokkurn veginn sama magn beggja vegna árinna er Skeiðará við Útfall.

Þegar litið er á hvernig hinar ýmsu kornastærðir hegða sér í þessu sambandi, sést að leir er mjög lítil í hlaupinu og engin regla í breytileika hans frá einum stað til annars. Leir er því reiknaður út sem margfeldi af meðalleirinnihaldi og rennslis. Megnið af aurburðinum er mór og méla. Mélan virðist ekki breytileg frá einum stað til annars, en aftur á móti nokkuð breytileg í tíma. Mórinn er aftur á móti breytilegur mjög, bæði í tíma og frá einum stað til annars.

Við nánari athugun sést að breytileiki þessi fylgir ákveðnum reglum, sem hægt er að gefa upp í hlutfallinu milli mós og mélu. Mó/mélu hlutfallið breytist þannig að það er hæst við Útfall og lækkar eftir því sem neðar dregur á sandinn og lang lægst við ósana. Þá fór þetta hlutfall hækkandi eftir því sem á leið hlaupið og náði hámarki 27. eða 28. mars. Eftir það virðist það snarlækka. Fyrri atriðið skýrist auðveldlega af því að mór er að falla út í nálega öllum farveginum og stemmir það við athuganir í farveginum eftir hlaupið. Hið síðara bendir til að uppruni aursins breytist nokkuð eftir því sem á liður hlaupið. Þetta styrkist af bergfræðilegum mælingum.

Á 3. mynd er línurit, sem sýnir magn mélu í hlaupinu. Línurnar þar eru notaðar til útreikninga á mélu. Þær tölur og mó/mélu hlutfallið á 4. mynd eru svo notuð til útreiknings á mónum. Við Gígju kemur greinilega fram fall í mó/mélu hlutfalli rétt eftir hámark hlaups. Við Skeiðará er þetta ekki eins greinilegt en er þó sennilega fyrir hendi. Hámarkið í mó/mélu hlutfallinu er svo 26.-27. mars samtímis og aurburður er í hámarki, sbr. 5. mynd.

Í Skeiðará er litið um sand í svifaur hlaupsins. Það er þó vitað að verulegur sandur barst með hlaupvatninu. Þetta kom fram í sandi þeim, sem þakti hlaupfarvegina eftir hlaupið og í sandinum í ísmolum, sem bárust með hlaupvatninu. Í Skeiðará virðist sandurinn vera botnskrið fyrst og fremst. Í Gígju var töluvert af sandi í svifaur og gerir það, að svifaur er meiri í Gígju en Skeiðará. Sá er

munurinn á botni Gígju og Skeiðarár, að Gígja er á sandbotni og hrærist sandurinn í botninum upp í hlaupinu en Skeiðará er á malar og grjótbótnei, sem ekki hrærist upp. Sandurinn sem berst til Skeiðarár í hlaupinu hlýtur að fara með því sem næst sama hraða og vatnið, sennilega í röstum og mjög nærri botninum.

Til þess að reikna sandinn með hlaupinu er notast við hlutföll sands miðað við leir, mélu og mó í jökulís, sem grafist hefur út í vatnsgöngunum í jöklinum og til samanburðar sandinnihald í botnsetum hlaupsins. Möl og þaðan af grófara efni er að sjálfsögðu ekki með í svifaur. Viss upplýsing um hugsanlegt magn þessa aurs fæst með því að líta á innihald malar í ís svo og í botnsetum. Mikil tilfærsla á sér stað á grófa aurnum í hlaupinu innan sjálfs flóðfarvegsins og verður um það rætt í kaflanum um botnskrið.

Heildaraurburður er eins og hér segir miðað við útrennsli frá jöklinum, þúsundir tonna

T A F L A 3

Aurburður af mismunandi kornastærð
í hlaupi 1972

		leir	méla	mór	sandur	möl	samtale
Skeiðará	svifaur	560	5.460	15.810	1.550	-	23.380
	botnskrið	-	-	-	7.700	2.500	10.200
Gígja	svifaur	200	2.600	6.000	1.335	-	9.135
	botnskrið	-	-	-	2.400	1.000	3.400
Súla	svifaur	10	150	150	10	-	320
	botnskrið	-	-	-	30	10	40
Samtals		770	8.220	21.960	13.025	3.560	46.475

Í þessari töflu eru rennslistölur Sigurjóns Rist lagðar til grundvallar og sandur og möl eru reiknuð út frá hlutfalli þessara kornastærða í jökulís miðað við leir, mélu og mó. Tekið er meðaltal af niðurstöðum frá þessum þremur hlutföllum en þau gáfu svipaða niðurstöðu. Þessar tölur hafa inni í sér byggða óvissuna í rennsli en auk þess er að sjálfsögðu mikil óvissa í ýmsum forsendum og þá sérstaklega um magn grófasta aursins. Þótt jökulísinn sé vissulega ábending um hlutfallslegt magn hans, eru sýnin alltof fá og auk þess er kerfisbundin skekkja þannig að ísinn í sýnunum er líklega með minni aur en meðalinnihald aurs er í þeim ís, sem bráðnað hefur og grafist af hlaupvatninu. Hvort hlutfallið milli kornastærðarflokka breytist við þetta er ekki vitað en óneitanlega er það nokkur stuðningur að hlutfallið milli finni kornastærðarflokka er hið sama í ánum og ísnum.

5. BOTNSKRIB OG BREYTINGAR Í FARVEGUM

Á leið hlaupvatnsins til sjávar verða ýmsar breytingar á samsetningu þess. Þegar hefur verið minnst á breytingu í mós/mélu hlutfalli, sem lækkar eftir því sem neðar dregur og bendir til útfellingar mós í farveginum. Einnig fellur út allur sandur og mól, sem úr jöklinum kemur, auk þess sem mikil tilfærsla verður á efni farvegsins. Þessi atriði voru mest athuguð eftir hlaupið með athugunum á flóðfarveginum.

Sniðin sem grafin voru í flóðfarveginn í þrem þversniðum í Skeiðará eru sýnd á myndum 6 -9 og mæld þversnið af þessum stöðum á mynd 10. Á þessum myndum sést að víðast er efst sandlag oftast nærri 10 cm að þykkt. Þetta sandlag huldi nær allan flóðfarveginn og skar sig mjög úr öðrum efnum sandsins í því, að það var mikið fínkornóttara og svartara en sandurinn annars var. Niður á Gljanni sér ekki mun á þessum sandi og þeim, sem þar var fyrir. Þessi svartí sandur er kallaður lag 1 í sniðunum og er allur verk hlaupsins. Hann inniheldur móinn, sem út hefur fallið svo og megnið af sandinum.

Hlaupfarvegur Skeiðarár er um 167 km^2 að flatarmáli samkvæmt 1. mynd og örugglega var þetta lag yfir helmingi hans. Ef til vill blandast það undirliggjandi lagi neðst á sandinum. Varlega áætlað er lag 1 um 18 Gl að rúmmáli.

Hlaupfarvegur Gígju er um 71 km^2 samkvæmt 1. mynd. Þar er þetta svarta lag mikið minna áberandi og varla til staðar samfelld. Farvegur Gígju er líka svo fínkornóttur fyrir, að svona lag sker sig þess vegna ekki eins vel úr þar og við Skeiðará. Ein af ástæðum fyrir því, að svarta sandlagið er minna við Gígju, kann að vera, að hún rennur í gegnum lón við upptökin og hefur sá hluti þessa sands sem frá jöklinum er kominn fallið út þar. Meðal botnsetanna í Gígju eru aftur á móti þunn lög af mó og jafnvel mélu. Þar mun vera að finna samsvörunina við lag 1 í Skeiðará. Þykktin er varla nema 2 cm.

Útreikningar á lagi 1 eru í töflu 4. Líkleg skekkjumörk á þessum útreikningum er varla yfir $\pm 50\%$. Samanburður á þessu og töflu 3 sýnir, að sandurinn í lagi 1 er öllu meiri en þar, en mórinn aðeins um 30% mósins þar. Mós/méluhlutföll af mismunandi stöðum í Skeiðará benda til þess að meira hafi fallið út af ærunum en þetta. Til dæmis yfir 20% milli útfalls og brúarstæðis og 75% niður við ósa í mikla aurtoppinum. Þetta gefur miklu meiri mó en finnst í lagi 1.

T A F L A 4

Skeiðará	Flatarmál km ²	Meðalþykkt cm	Rúmmál Gl	Þungi milljónir tonna		
				Samtals	Mór	Sandur
Hluti 1	3	15	0,45	0,63	0,434	0,189
" 2	7	7,5	0,525	0,795	0,220	0,548
" 3	8	7,5	0,6	0,90	0,270	0,630
" 4	46	7,5	3,45	4,83	1,449	3,381
" 5	103	7,5	7,725	10,815	3,244	7,570
Samtals	167		12,745	17,935	5,617	12,314
Gígja - Súla						
Hluti 1	7	2	0,14	0,196	0,1764	0,0196
" 2	64	2	1,28	1,792	1,6128	0,1792
Samtals	71		1,42	1,988	1,788	0,198
Alls hlaupið	238		14,165	19,923	7,405	12,512

Breytingar á mó/mélu hlutfallinu gefa vissulega vísbendingu um útfallið efni á sandinum. En fleira hefur áhrif á það. Svo virðist sem viss sortering eigi sér stað í hlaupvatninu í leið þess frá útfalli til sjávar (sjá mynd 5). Aurburður vex í miðálum hlaupsins en minnkar við löndin. Sérstaklega minnkar hann mikið að vestanverðu. Flest sýnin eru tekin að austanverðu við land. Minnkandi aurmagn sýna við landið fellur best að dreifingu aurs á sandinum með því að áætla að helmingur breytingarinnar stafi af útfellingu aurs í farvegi og helmingur af tilfræslu aurs innan hlaupvatnsins, frá löndum inn að miðju. Með því móti verður útfallinn mór rúmlega 8 millj. tonna í Skeiðará, sem er um 50% meira en finnst á sandinum. Samsvörun þessara stærða er því innan líklegra skekkjumarka.

Samspil vatns og botns í hlaupinu er mjög flókið og enganveginn einskorðað við þá útfellingu á sandi og mélu, sem áður var getið. Botninn hefur allur verið á hreyfingu og flust til lag sem er margir tugir cm að þykkt. Þetta kemur fram í lagskiptingu í flóðfarvegi, athugunum við staura vegagerðarinnar á sandinum og grafna ísjaka. Algengast er að lagskipting sé þannig undir lagi 1, (sjá myndir 6-8), að efst er mjög gróft efni, verður svo fínkornóttara niður á við. Síðan kemur svo aftur gróft efni. Þessi grófu efni eru grjótvörn farvegs, sem hefur staðið nokkuð á móti greftri. Neðra steinalagið er því myndað í hlaupinu við gróft yfirliggjandi efnis og samsöfnun stórgrýtis í botninum, þangað til þetta var orðið nokkuð stöðugt. Seinna byggist svo upp eyri ofan á þetta sem myndar oft grjótvörn í toppinn, þótt ekki sé það alltaf. Í sniðunum er þetta lag frá grófu að grófu kallað lag 2 og er væntanlega lágmark þess efnis, sem hreyfst hefur til í hlaupinu.

Dykktin á lagi 2 fer minnkandi niður á við. Á svæði 1 við Skeiðará er það að minnsta kosti 1 m en blandast fullkomlega lagi 1 neðst á sandinum, enda malast steinar og mól niður við að velta fram sandinn. Þetta lag verður líka því fínkornóttara sem neðar dregur á sandinn eins og sést greinilega á mynd 11. Rúmmál þessa lags er nærri 40 Gl. Samtals reiknast mér því til að í öllum farvegnum hafi 45 Gl af efni úr botninum verið á ferðinni.

Það sem er þrautin þyngri, er að mæla hraða þessa efnis eða hversu langt það hefur borist. Að töluverðu leyti er straumstefna efnisins ekki langs með meginstraumstefnu vatns, heldur skáhallt til hliðar eftir því sem eyrar færast til. Tilraunir voru gerðar til að mæla þennan straumhraða beint en einnig má hugsa sér að reikna hann eftir streymisfræðilegum jöfnum.

Mælingar á botnskriði gáfu mjög ósamhljóða niðurstöðu. Í meðfylgjandi töflu, töflu 5, eru niðurstöður hinna beinu botnskriðsmælinga og sýna þar botnskrið gróf malar oftast nokkur g/m/sek nema þar sem bakkar eru að brotna nærri, þar eð það 100 falt meira. Ef þetta venjulega botnskrið er látið gilda fyrir 10 daga í Skeiðará og 7 daga í Gígju fæst botnskrið 10.000 tonn í Skeiðará en 2.000 tonn í Gígju framhjá þversniðinu við brúarstæði. Þetta eru alltof lágar tölur og áreiðanlega ekki nærri lagi. Frekar er vit í tölunum um botnskrið nærri bakkabroti en það gefur nærri 0.5 milljón tonna fyrir Skeiðará en 0.15 milljón fyrir Gígju. Botnskriðið nærri bakkabroti er sjálfsagt miklu líkara því sem gerist þar sem eyrar eru að færast til, brotna eða byggjast upp.

T A F L A 5

Botnskriðsmælingar

Staður og dagsetn.	Botnskrið g/m/sek	Dvermál korna			Botnskrið í hlaupinu, tonn
		d 25 mm	d 50 mm	d 75 mm	
<u>Skeiðará</u>					
20.-3.	83,4	70	90	101	72.000
20.-3.	4,6	15	22	30	3.974
20.-3.	2,4	30	42	50	2.073
20.-3.	3,1	22	30	40	2.678
	15,2	28	45	58	13.132
21.-3.	9,5	45	60	70	18.057
21.-3.	2,8	17	25	32	5.322
21.-3.	298,0	15	25	50	566.438
<u>Gígja</u>					
25.-3.	7,2	40	50	60	2.177
25.-3.	414,4	19	35	60	122.585

Eins og sést í töflu 5 er þetta efni, sem fékkst í botnskriðssafnarann nær allt af kornastærð 20-60 mm. Mól finni en þetta er í verulegu magni allstaðar í lagi 2 og hlýtur að ganga miklu hraðar niður eftir en hin grófari mól. Á 12. mynd er hlutfallslegur aurburður hinna ýmsu kornastærða samkvæmt mælingum og líkum. Samkvæmt því má reikna með framburði í finmalar 5-6 millj. tonna en af því er varla nema helmingur til þriðjungur úr jöklinum komið.

Ennþá grófara efni en það, sem fékkst í botnskriðstakann er á ferðinni í hlaupinu. Reynt var að hlusta á velting þessara stóru steina og heyrðist eitthvað þar sem bakkar voru að brotna og einnig í hámarki hlaupsins á gördum við Skaftafell. En þetta var þó svo sundurlaust, að ekki verða á því byggðar neinar magntölur. Af heildarmagni efnisflutninga eru þessir stóru steinar sjálfsgagt hverfandi, en mikilvægir eigi að síður, vegna þess hversu hægt þeir fara, og hægja á breytingum í farvegum og eyrum.

Niðurstaða þessara hugleiðinga bendir til þess að lag 2 hafi fæst til um 1/10 hluta af leiðinni til sjávar eða nærri 3 km. Þessi tilfærsla er að sjálfsgögu mjög breytileg fyrir hinar ýmsu kornastærðir, væntanleg aðeins fáeinar veltur fyrir stórgrýtið en langleiðina til sjávar fyrir hinar smærri kornastærðir.

Bakkabrot er áberandi við Skeiðará að vestan og einnig við Gígju, sérstaklega að vestan en einnig að austan. Sérstaklega er bakkabrotið áberandi við Skeiðará á kaflanum frá því ofarlega við Skaftafellsbrekkur og niður fyrir brúarstæði. Hæð þakanna er á þessu svæði víðast rúmir 2 m, fara þó lakkandi niður á við. Efni þakanna er sambærilegt við lag 2 á hverjum stað. Neðan brúarstæðis taka þakarnir að lækka og eru lágir orðnir niður á móts við Sk 100/101. Reikna má með að fáir tugir m hafi bortnað af þökkinum ofan brúarstæðis, eða 0.25-0.5 millj. rúmmetra fæst inn í farveginn af þakkaefni þarna og álíka mikið neðar.

Við Gígju eru bakkar miklu hærri og bakkabrot að tiltölu miklu stærri þáttur í breytingum farvegsins. Þar er hæð þakanna allt upp í 20 m rétt neðan við öldur og í bugnum þar nemur bakkabrotið eins miklu eða meiru en heildarþakabrotið við Skeiðará. Bakkabrotið við Gígju var því meira en nam flutningsgetu árinna og er þessvegna lag 2 í farvegi Gígju nýtt, að mestu myndað úr bakkabroti. Þetta sýndi sig líka í því að veruleg hækkun varð á farvegi árinna á brúarstæði.

Athuganir Vegagerðarinnar og annara á hæðarbreytingum sandsins við Skeiðará benda til verulegrar lækkunar á farvegi næst útfalli, nokkuð örugglega hækkun við neðanverðar Skaftafellsbrekkur, hlutlaust næst niður frá gördum, aftur hækkun um 15 cm á móts við brúarstæði, lækkun svo um tugi cm enn nokkrum km neðar á sandinum. Neðar eru svo engar athuganir. Þessar athuganir benda til þess að nokkurrar bylgjuhreyfingar gæti í tilfærslu innan farvegs með hæðarbreytingum upp á nokkra tugi cm, en í heild virðist efri hluti farvegsins, sem þessar athuganir ná til frekar hafa tapað grófu efni tilheyrandi lagi 2 en bætt við sig. Lag 1 er alls staðar og verður að dragast frá þegar meta skal hæðarbreytingar botnsins. Lag 1 helst ekki í sinni upprunalegu mynd á sandinum. Móinn blæs burtu, út á sandinn til hliðar við farveginn og binst, sérstaklega í gljánni neðarlega á sandinum.

Við Gígju er aftur á móti töluverð hækkun á farvegi neðan við öldur. Þessi hækkun er nokkrir tugir cm á brúarstæði og stafar að mestu af bakkabroti. Vera kann að Gígja megni að dýpka farveginn aftur milli hlaupa þar sem í normal ástandi er botnskrið þar að ofan hverfandi lítið.

6. Í SJÓNUM

Hafrannsóknarstofnunin tók sýni úr sjónum utan við Skeiðarársand 26.-27. mars 1972, eða rétt eftir hámark hlaups og aurburðar. Sýni voru bæði seltuákvörðuð og mælt heildaraurmagn í þeim. Auk þess voru gerðar gegnskinsmælingar og hitamælingar. Frekari úrvinnsla aursýnanna var gerð í rannsóknarstofunni í Keldnaholti, bæði kornastarð og berggreining.

Á mynd 1 er sýnd ferskvatnshlutfall í sjónum í yfirborði, reiknað frá seltuinnihaldi sýna. Þykkt þessa ferska yfirborðslags er ekki vel þekkt því alltaf eru sýnin sem næst voru tekin fyrir neðan með miklu minna ferskvatn. Þau eru grynnt tekin á 6 m dýpi og nokkuð oft á milli 6 og 10 m. Sjá 13. og 14. mynd. Sennilega er þykkt þessa lags nálægt blöndunarþykktinni í brimgarðinum, sem ég áætla 5 m. Samkvæmt þessu fæst í 5 m þykku fersku yfirborðslagi eins og sýnt er á 1. mynd 570 G1 af fersku vatni. Óvissa í þessari áætlun er ekki mjög mikil því þykkt lagsins er aðalskekkjuvaldur og það bendir ekkert til að það sé yfir 6 m þótt það að visu geti verið þynnra en 5 m og eru þá skekkjumörk meiri niður á við en upp á við. Flatar- mál fyrir lögstu prósenturnar kunna að vera eitthvað vanreiknuð, en það hefur lítil áhrif á útkomu. Útreikningar á ferskvatnsinnihaldi er í töflu 6.

T A F L A 6

Ferskvatn og aurmagn sjávar út af Skeiðarársandi

	Flatarmál		Meðal- inni- hald %	Fjarl. frá ósnum km	Áætlað aurinni- hald mg/l	Heildaraur- burður tonn
	allt km ²	milli lína km ²				
Lag 1 0-5 m dýpi						
Lína 0%	1177			32		
" 5%	781	396	50	2.5	3	6.000
" 10%	481	300	112	7.5	12	17.900
" 15%	212	269	170	12.5	25	34.000
" 20%	112	100	90	17.5	40	20.000
" 25%	47	65	75	22.5	60	20.000
" 30%	16	42	26	27.5	90	13.750
		16	26	32.5	3	200
Samtals			565			266.250
Lag 2 5-25 m dýpi						
Lína 0-3%	794	794	127	0.8	50	800.000
Lag 3 25-100 m dýpi						
Lína 0-0,6%	625	625	28	0.3	8	75.000
Samtals			720			1.141.250

T A F L A 7

Aurinnihald í sjónum út af Skeiðarársandi

Sýni nr.	dýpi m	fjarl. landi km	Fersk- vatn %	Heildar- aur mg/l	Aur í mg/l ferskvatns		
					Leir	méla	mór
38	0	1,2	32,6	420	167	785	335
	14	"	4,4	659	1647	6889	6440
39	0	4,4	29,7	135	91	263	100
40	0	8,0	23,7	40	51	84	38
45	0	1,6	19,7	128	357	292	0
"	10	"	1,22	118	2901	5803	870
"	30	"	0,17	38	11176	11176	0
46	0	1,7	17,7	44	124	124	0
	10	"	1,51	85	1407	4222	0
59	0	0,3	18,43	52	118	164	0
	7	"	0,71	140	4929	13211	1577
61	0	1,2	27,4	328	215	814	167
	7	"	3,33	139	834	2921	417
65	0	0,4	7,1	205	750	1761	375
	12	"	0,83	43	2072	3108	0

Undir lagi ferska vatnsins er eitthvað blandað fersku, sem minnkar bæði út og niður á við. Næst undir virðist vera lag með rétt innan við 1% af fersku vatni. Þetta lag er reiknað 25 m þykkt, og eru í því um 130 Gl af fersku vatni. Þar undir er þykkt lag með mjög lítilli ferskvatnsíblöndun, og þótt lagið sé reiknað niður á 100 m dýpi, getur það ekki verið íblandað, nema örfáum tugum Gl.

Seltumælingar benda því til þess, að í sjónum út af Skeiðarársandi megi finna í mesta lagi 700-900 Gl af fersku vatni. Svæði þetta nær þó um 20-30 km út og austur frá Skeiðarárósum og 30-40 km til vesturs frá Gígju-ósum og venjulega 15 km beint út.

Samanburður á niðurstöðum hitamælinga og seltumælinga er sýndur á 14. mynd. Yfirborðssýnin raða sér á nokkrar beinar línur, en samkvæmt þeim má lesa hita ferskvatns og sjávar við blöndun með framlengingu þeirra að línunum fyrir 0% og 100% sjó. Það kemur greinilega fram viss regla í þessari hitablöndun, þannig að punktar á sömu línu liggja yfirleitt saman í sjónum og eru þannig til staðar töluverð svæði með sams konar hitablöndun. Flestir punktarnir sýna hita flóðvatnsins yfir eina gráðu. Þetta vatn hefur að öllum líkindum runnið til sjávar 24. og 25. mars, þegar töluverður hiti var, eins og sést á 2. mynd. Næst landi kemur fyrir kaldara vatn, sem er þá yngra. Hitamælingarnar benda því til þess, að allt vatnið úr flóðtoppinum sé til staðar og finnanlegt í sjónum út af Skeiðarársandi.

Aurinn frá hlaupinu fellur mjög fljótt út í sjónum. Allur sandur rétt við ströndina og mórinn nær einnig lítið út (sjá töflu 7 og mynd 19). Méla og nokkuð af mó eru enn upphræð í sjónum, þegar sýnin eru tekin, en eru þó í mun minna mæli en í ánum og eru greinilega á leiðinni niður, því mest er það í lagi 2 (sjá 15. mynd). Í allt reiknast í sjónum rúm milljón tonn. Af því eru um 30% leir, en 60% méla og rúm 10% mór. Því virðist sem ekkert sé fallið út af leir, þar sem í sjónum reiknast 345 þús. tonn af leir, sem er 45% af leirmagni hlaupsins og mun stærri prósentu en finnst af fersku vatni í hlaupinu. Áftur á móti er mjög verulegur hluti málunnar sokkinn til botns.

7. GRUNNSTINGULL OG SORTERING

Þegar farið var að athuga ummerki hlaupsins rétt fyrir miðjan apríl, voru við útfall Skeiðarár miklar hrannir af ís, hálfgröfnum í svartan sand og þaðan af finna efni. Við skoðun á staðnum var þetta talið jökulís og tekin úr því nokkur sýni. Við athugun í rannsóknarstofu kom í ljós, að uppleyst efni í þessu voru eins og í hlaupvatninu, en ekki eins og í jöklinum.

Það er því augljóst, að mjög mikil grunnstingulmyndun hefur átt sér stað við útfall Skeiðarár, og í þennan grunnstingul hefur sest mjög mikill aur og reyndar einnig ófrosið vatn. Frost nokkur gerði með töluverðri norðanátt, þegar hlaupið var í rénun, og hefur þetta þá væntanlega skeð. Á mynd 16, sýni úr SKÚ 4, er dæmi um kornastærð þessa efnis, en það sýnir sig vera að mestu leyti mór með svolitlum sandi, en lítið af fínna efni.

Svona grunnstingulmyndun á sennilega nokkurn þátt í myndun lags 1 ofan til á sandinum. Þarf ekki annað en að bera saman kornastærð lags 1 í SKÚ þversniðinu á mynd 11 og SKÚ 4 til þess að sjá líkinguna, en annars er lag 1 miklu sandríkara. Þegar þessi grunnstingull bráðnar og grefst, virðist megnið af aur hans verða að svifaur, en með botni fór efni með kornastærð eins og sýnd er á mynd 15, SKÚ-1. Er þar nálega eingöngu um sand að ræða.

Seint í hlaupinu var gerð athugun á lóðréttri dreifingu aurs í vatninu. Var þá tekið við yfirborð í miðdýpi og nærri botni. Einnig var tekið af botninum þar undir. Var þetta gert í Skeiðará við Garða. Magn aurs óx að vísu í átt til botns, en ekki mikið, og lítið virðist af botnefni í svifaurnum, jafnvel þeim sýnum sem tekin eru næst botni. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru á mynd 17.

8. BERGFREÐI, EBLISÞYNGDAR-OG RÚMÞYNGDARÁKVARÐANIR

Gerðar voru bergfræðilegar ákvarðanir á fjölda sýna af ýmsum gerðum úr hlaupum. Mörg þeirra voru einnig eðlisþyngdarákvörðuð. Rúmþyngdarákvæðanir voru gerðar á nokkrum botnsýnum, teknum fyrir hlaupið.

Rúmþyngdin var ákvörðuð á Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins á 4 sýnum. Ákvörðuð var laus rúmþyngd og þjöppuð rúmþyngd. Á mynd 18 eru þessar niðurstöður settar inn á línurit með kornastærð d-50 á y ás og rýmþyngd á x-ás. Kemur þá fram góð fylgni þessara stærða. Í náttúrunni hefi ég gert ráð fyrir, að rúmþyngd liggja á milli lausrar og þjappaðrar. Sú lína er heildregin á myndinni og er notuð í útreikningum í þessari skýrslu, þar sem rúmmáli er breytt í þyngd og öfugt.

Eðlisþyngd korna var mæld úr fjölda sýna af öllum gerðum, en mikilvægust er hún þó fyrir svifaur, þar sem eðlisþyngd kemur inn í útreikninga á kornastærð, auk þess sem hún getur staðfest bergfræðilegar ákvarðanir á stundum. Tölflur um niðurstöður þessara mælinga er að finna í viðaukum.

Eðlisþyngd korna er breytileg, aðallega frá 2.6 og aðeins upp fyrir 2.9. Algengust er eðlisþyngd rúmlega 2.8. Þessi breytileiki fer bæði eftir kornastærð og bergfræðilegri samsetningu. Stór korn eru oft léttari en smá og aska léttari en bergmylsna.

Bergfræðilegar ákvarðanir voru gerðar af ýmsum kornastærðum efnis, með ákvörðunum á hverju korni fyrir sig í stereosmásjá, með því að steypa þau í þunnneiðar og skoða í bergfræðismásjá og loks með það allra fínasta með röntgenathugunum. Flestar bergfræðilegu athuganirnar eru gerðar af Svani Pálssyni, sem og önnur rannsóknarstofuvinnsla, en röntgenathuganir á leir eru gerðar af Hrefnu Kristmannsdóttur, jarðfréðingi, og fylgir skýrsla hennar með í viðauka.

Niðurstaða bergfræðilegu athugananna í Skeiðará er svipuð og í öðrum ám á landinu, þ.e. að mól er fyrst og fremst basalt og aðrir bergmolar, en sandur er bæði gler og bergmolar og nær glerið hámarki í fínunum sandi. Mórinn er gler, en einnig fara þar að koma inn kristallar. Röntgengreiningar benda til þess, að fínustu kornastærðir, méla og leir, séu einnig mikið gler með kristöllum og leirminerölum.

Á mynd 19A er sýnt, hvernig efni í þremur kornastærðarflokkum skiptist í þrjá aðalbergflokka, þ.e. bergmola, gler og kristalla. Þessi mynd er í aðalatriðum hin sama í hvaða á sem er hér á landi, en hið eftirtektarverða við hana er efra hornið vinstra megin, en þar kemur fram breyting á samsetningu svifaurs í kornastærðarflokk 0.02-0.05 mm, eftir því sem á líður hlaupið. Þessi hluti línuritsins er stækkaður um helming á B hluta myndarinnar.

Á myndinni sést, að samsetning aurburðarins breytist þannig, að gler verður stærri og stærri hluti hans, eftir því sem á líður og nær hámarki 26. mars, daginn sem aurburður er í hámarki. Eftir það virðist gler minnka niður í venjulegt ástand, ef dæma má eftir aur í grunnstingli. Venjulegur aurburður hefur svipaða samsetningu og aur í jökulís. Basaltglerið, sem var í hlaupinu 26. mars, er með sama ljósbrot og aska í Grímsvötnum og er því hreint Grímsvatnaefni.

Þetta fyrirbæri bendir ótvírætt til uppruna aurburðarins. Framan af hlaupinu er aurinn úr botni jökulsins losaður úr botnlögum hans og undirlaginu og sennilega í sambandi við myndun ganganna í jökulinn, sem hlaupvatnið fer eftir. Þessi göng myndast ekki öll samtímis, heldur er eins og mesta falltapið og mesti gröfturinn færast til, byrji neðarlega á jöklinum og flytjast svo smám saman upp eftir og upp í Grímsvötn. Þetta bendir til þess, að myndun hlaupganganna líkist innri greftri í jarðvegi, pípun (piping), og þess vegna vex Grímsvatnaefnið eftir því sem á líður.

Mikli aurburðartoppurinn 26. mars og bergfræði hans með hreinu Grímsvatnaefni, vekur grun um að hér sé um annað fyrirbæri að ræða en sjálfa myndun hlaupganganna því rennsli í hlaupinu er þá verulega farið að minnka. Hugsanlegt er að þetta sé í sambandi við sérstaka upphrærslu í Grímsvötnum þegar jökullinn er að setjast á botninn. Eðlilegt er þá að hugsa sér að þetta haldi eitthvað áfram dagana, sem jökullinn er að setjast eða fram í byrjun apríl.

Alla vega er eðlilegt að hugsa sér að aurburðurinn ætti að halda bergfræðisamsetningu Grímsvatnaefnis áfram, þótt magnið haldist ekki mjög mikið. En svo var ekki eins og sést á bergfræðilegri samsetningu aurs í grunnstingli, sem myndaður er sennilega 28. mars. Sjá 2. mynd hitalínurit.

Samtímis aurburðartoppinum 26. mars var hækkun í uppleystum efnun. Ég tel því eðlilegt að hugsa sér að aurburðartoppurinn stafi af smágosi í Grímsvötnum, sem staðið hefur fáa klukkutíma. Gosefnin fljóta að einhverju leyti burt með hlaupvatninu sem aska. Þetta atriði bendir til þess að aurburður í sambandi við gos undir jökli kunni að vera gífurlegur í mörgum tilfellum. Hlaupvatn er því vissulega einn flutningsmáti gosefna frá gosstað, á sama hátt og loftborið efni og rennandi hraun.

Enginn var við Grímsvötn þegar þetta átti sér stað og því ómögulegt að segja, hvort nokkur ummerki hafi verið á yfirborði. Alla vega kom aska ekki upp á yfirborð. Skjálftar það stórir að þeir sæust á mælum Veðurstofunnar voru ekki samfara þessu en nokkuð sterkur skjálfti fannst nokkru seinna af Helga Björnssyni jöklafræðingi og félögum hans sem þá voru komnir á Grímsfjall. Fundist hafa skjálftar í Grímsvötnum í sambandi við hlaup án þess að um gos á yfirborði væri að ræða. Þessir skjálftar koma rétt eftir eða um hámark hlaupsins. Skjálftar eru mjög eðlilegir í hlaupum sem þessum sem afleiðing tæmingar vatnanna og minnkunnar á þrýstingi um nær 10 loftþyngdir yfir 20-30 km² svæði.

T A F L A 8

Vatnsmagn og aurmagn Grímsvatnahlaups

Vatnsmagn:						G1
1.1.	Rúmmál í Grímsvötnum í mesta lagi					1500
1.2.	Bráðnun jökuls vegna viðnáms 4% af 1.1 og álíka vegna varmainnihalds vatnsins					120
1.3.	Vatn annarsstaðar úr jöklinum					?
1.4.	Normalrennsli á hlauptíma í mesti lagi					150
1.5.	Rennsli á Skeiðarársandi samkvæmt rennslism.					3200
1.6.	Ferskvatn í sjónum 2-3 dögum eftir hámark					720
Aurmagn:						
	Samkvæmt Rennslis-tökum S.Rist þús. tonn	Leið- réttu rennsli þús.tonn	Á að vera útfallið á sandinum	Finnst útfallið og tilflutt á sandinum þús. tonn	í sjónum upphrært 27.-3. þús.tonn	
2.1	leir	770	462	0	0	345
2.2	méla	8220	4932	0	0	665
2.3	mór	21960	13176	11 000	7405	131
2.4	sandur	13025	7815	13 025	12512	
2.5	möl	3560	2136	3 560	6000	

9. LÍKAN AF GRÍMSVATNAHLAUPI

Í töflu 8 eru helstu magntöluniðurstöður hlaupsins. Þar sést, að hinn þekkti vatnsgjafi hlaupsins nægir alls ekki til að skýra það vatnmagn, sem mælist á sandinum. Munar þar mjög miklu, eða allt að því helming sem skýra verður út sem vatn komið annars staðar úr jöklinum eða vatn úr Grímsvötnum sloppið úr þeim, áður en hlaupið verður, en geymt einhvers staðar í jöklinum. Önnur skýring er, að hið melda rennsli á sandinum sé ofmetið. Seinni skýringuna tel ég miklu sennilegri. Í sambandi við rennslismælingarnar eru tvö atriði, sem metin eru, en ekki mæld, þ.e. dýpi farveganna á hverjum tíma og Manning-stuðull eða hraðadreifing í sniðum. Í reikningunum er gert ráð fyrir, að Manninggjafna gildi, en hún er útleidd fyrir fastan botn og gildir strangt tekið ekki við aðstæður Sekiðarárhlaupa, en sjálf-sagt má nota hana sem vísna nálgun í vöntun á öðru betra. En vatnsmagnstölur benda eindregið til þess, að þá þurfi Manning-stuðull að vera töluvert lægri eða meðalhraði lægra hlutfall af yfirborðshraða en hingað til hefur verið reiknað með. Þessi lækun stafar af því, að veruleg orka fer í að knýja áfram botnskrið árinna, og nýtist hún þá ekki til þess að knýja áfram vatnið, eins og reiknað er með í Manning-jöfnu.

Fyrir verkfræðilega hönnun skiptir þetta litlu máli því fyrirferð flóðsins er það, sem þarf á að halda í þeim reikningum, og fást réttar útkomur, ef notaðar eru sömu líkingar með sömu stuðlum og í rennslismælingunum. En fyrir spá um efnis-flutninga skiptir þetta öllu máli, sérstaklega fyrir þann hluta þeirra, sem upphræður er.

Ég hef því valið þann kost að áætla hlaupvatnið 2000 Gl, og fæst þá yfirleitt betra samræmi milli mældra og reiknaðra stærða. Til dæmis verður þá ferska vatnið í sjónum verulegur hluti af rennslinu á 3 mestu dögum hlaupsins. Leirinnihald sjávar passar þá vel við leirinnihald flóðtopps og mór á sandinum betur við breytingar í mós/méluhlutföllum á mismunandi stöðum. Líður 1.3 í töflu 8 væri þá 200-300 Gl, sem er þá nærri venjulegri ársaukningu á vatni í Grímsvötnum. Passar það nokkuð vel við athuganir sem sýndu litla hækkun í Grímsvötnum síðasta árið fyrir hlaup.

Það eru engin atriði í sambandi við hlaupið sem benda til tæmingar stórra vatnsgeyma með annan uppruna en Grímsvötn sjálf. Vatn Grímsvatna er svo vel merkt vegna mikils magns uppleystra efna, að ekki kæmi til greina annað en að vatnsgeymar annars staðar frá myndu breyta þessu. Annað mál er það að þetta magn hlaupvatns passar illa við vatnsbúskap Grímsvatnalægðarinnar en aðrennsli að henni í formi jökuls og vatns ætti að nema um 500-700 Gl á ári. Hinar hærri rennslitölur passa líkani af vatnsbúskap Grímsvatna betur.

Sýnataka úr Skeiðará á milli hlaupa bendir til þess að Grímsvötn leki. Öðru hverju kemur í Skeiðará vatn með hátt innihald uppleystra efna, sem eðlilegast er að hugsa sér komin úr Grímsvötnum (sjá 20. mynd) Þessi leki kann að vera nægilega mikill til þess að skýra hugsanlegt ósamræmi milli aðrennslis Grímsvatna og hlaupvatns.

Model af Grímsvatnahlaupi er almennt hugsað þannig, að vatn safnast í vötnin, uns jökullinn fer að fljóta, og sleppur þá vatnið út. Í þessu módeli er gert ráð fyrir, að vötnin séu vatnsheld og að vatn sleppi ekki út nema í hlaupum. Þetta líkan fær varla staðist, bæði með tilliti til vatnsbúskapar, og einnig er það sjálfsagt mikil einföldun á flóknu samspili, að flot jökulsins orsaki jökulhlaupin.

Niðurstöður þessara rannsókna virðast benda til þess, að hlaupin séu eins konar pípun. Þegar vatnsþrýstingur er orðinn mikill í jöklinum við háa vatnsstöðu í Grímsvötnum, tekur lekinn, sem alltaf er einhver fyrir hendi, að aukast, og byrjar þá gröftur á svipaðan hátt og innri gröftur í jarðvegi, ef vatnshalli verður of mikill. Byrjar þessi gröftur væntanlega neðarlega á jöklinum og færist síðan upp eftir. Hlauprásin í jöklinum er síðan aðallega mynduð við bræslu jökulsins. Bræslan stafar af varmainnihaldi vatnsins í Grímsvötnum, sem sennilega er að mestu 4' heitt og við það, að vatnið fellur úr 1400 m hæð í Grímsvötnum og niður á Skeiðarársand í um 100 m hæð. Þessi varmi nægir til að bræða jökulgöngin fyrir vatnið, og vel það. Þetta bráðunaratn er um 6-8% rennslisins, og við þá bráðun hefur jökulaurinn losnað. Við svona bráðun á að fást hið einkennandi flóðlínurit jökulhlaups.

Ragnar bóndi Stefánsson í Skaftafelli hefur veitt því athygli, að Skeiðarárjökull hækkar fyrir hlaup. Þetta hafa menn viljað skýra sem flot á jöklinum, þegar hlaup nálgast. Heldur mundi ég vilja skýra þetta sem framgangsbylgju í jöklinum, orsakaða af hinum aukna vatnsþrýstingi í honum, er hlaup nálgast. Passar það líka betur við athugaðar staðreyndir, því að bungan á jöklinum hverfur ekki með hlaupinu, heldur á eftir því.

Í sambandi við framgangsbylgju í jöklinum virðist koma fyrir, að vatnsrásir lokist vegna hreyfinga jökulsins eftir skáflötum. Svona lokun virðist hafa orðið fyrir hlaupið 1965. Nokkrum mánuðum fyrir hlaupið var óvenju hátt innihald uppleystra efna í Skeiðará, en næstu vikur á undan var það óvenju lágt (sjá 20. mynd). Þessi afskurður vatnsrása í botni jökulsins hefur stundum valdið þurrðum í Skeiðará á undan hlaupum, sem margar heimildir eru fyrir.

Á 21. mynd eru helstu niðurstöður þessara hugleiðinga í mynda- og töflulíkani af Vatnajökli, sniði af vatnsvegi Skeiðarárhlaups frá Grímsvötnum til sjávar. Helstu atriði þessa líkans eru:

9.1 Á milli hlaupa

9.1.1 Í Grímsvötnum er jarðhitasvæði með um $3 \text{ m}^3/\text{sek}$. rennslis af 240°C heitu vatni, sem er þar undir 500 m vatnsþrýstingi. Þess vegna fer varminn ekki í uppgufun, heldur í bráðun á jökli. Þetta bræðir um það bil þrefalt sitt eigið rúmmál. Háhitavatn hefur yfirleitt milli 1000-2000 mg/l uppleyst efni. Ís er með fáa tugi mg/l uppleyst steinefni. Bráðun á sér seinna stað og rigning á yfirborði jökulsins. Lauslega áætlað er það $5-10 \text{ m}^3/\text{sek}$. á vatnasviði Grímsvatna. Vatnsmyndun í Grímsvötnum er því alls um $17-22 \text{ m}^3/\text{sek}$. Í allt er þetta 550-700 Gl ársrennslis, en það er sambærilegt við ákomu á vatnasvið Grímsvatna, sem er um 300 km^2 að stærð.

9.1.2 Vatnið frá jarðhita, bráðnun og rigningu safnast að nokkru fyrir í Grímsvötnum og myndar þar blöndu af leysingar- og jarðhitavatni með uppleyst efni um 300-400 mg/l. Hluti rigningar og bráðnunar kemur aldrei í Grímsvönt, en lekur framhjá þeim til suðurs. Það vatn skilur sig ekki frá öðru jökulvatni. Um helmingur vatnsins, sem í Grímsvötn safnast, lekur hægt út úr þeim, í gegnum jökul og/eða bergið. Þessi leki er stundum mikill fyrst eftir hlaup (sbr. 20. mynd, - toppur í uppleystu um 2 mánuðum eftir hlaup), og stafar það væntanlega af því, að jökulgöng hrynja ekki saman til fulls strax. Einnig vex þessi leki, þegar hækkar í Grímsvötnum vegna aukins þrýstings.

9.1.3 Undir Skeiðarárjökli er væntanlega kerfi af göngum, sem leiða til ána, sem undan honum renna. Lengst eru þessi göng fyrir Skeiðará, en þau ná tugi km inn í Skeiðarárjökul í venjulegu ástandi. Fyrir innan þessi göng og á milli þeirra er rennsli vatns í jöklinum í formi jarðvatnsrennslis, en á við og dreif eru til- tölulega smáir vatnsgeymar í jöklinum. Þessir vatnsgeymar tæmast öðru hverju við það, að þrýstingsmunur milli ganga og svona hólfa eða á milli hólfa verður meiri en sem nemur styrkleika botnmórenunnar, og grafast þá smágöng við pípun eða innri gröft á milli, svo að vatnið sleppur út.

9.2 Hlaup

9.2.1 Aðdragandi hlaups.

Aðalatriðið í sambandi við hlaup er sífellt hækkun í Grímsvötnum og söfnun þar á bráðnu vatni að stræðargráðunni 1500 Gl. Samtímis vex vatnsþrýstingur í jöklinum á hlaupleið vegna vaxandi leka. Meira og meira vatn safnast fyrir í vatnshólfum, en þó er rúmmál þeirra ekki nema hverfandi lítill hluti Grímsvatna.

Skeiðarárjökull gengur fram vegna smurnings vatnsins, og við það verður vart hækkunar á honum. Sjálfur jökuljaðarinn hreyfist þó ekki. Við framganginn, sem verður eftir skriðflötum í jöklinum lokast stundum fyrir jökulgöng. Þetta lýsir sér í því, að Grímsvatnavatn hverfur úr Skeiðará, og stundum jafvel minnkar verulega rennsli hennar fyrir hlaupið, - verður þurrð sem kallað er. Þegar svo er, hafa göngin skorist af mjög neðarlega.

9.2.2 Hlaup

Hlaup byrjar með því, að ófrosin mórena í botni jökuls eða í skriðflötum, gefur sig vegna innri graftar, og myndast við það göng á milli vatnshólfa og ganga í jöklinum. Vegna þess að mórenan er alla leið að því komin að bresta, leiðir af þessu keðjuverkun upp eftir alla leið í Grímsvötn. Göngin stækka svo við það, að fallorka vatnsins og varmainnihald yfir 0° bræðir í botnjökulinn göng og víkkar út þau, sem fyrir eru. Þessi útvíkkun færir einnig upp eftir gangakerfinu, eins og berlega kemur fram á bergfærðilegri samsetningu aurburðar (sbr. 19. mynd B). Úr botnmórenu og bráðnuðum botnjökli er aurburðurinn kominn að mestu leyti. Heildarhlaupvatnið er rúmmál Grímsvatna, að viðbættu auðlosuðu jarðvatni jökulsins og vatnshólfum á hlaupleið. Þessi vatnshólf koma fram, að minnsta kosti þau stærri, á gervitunglamynd af Vatnajökli og eru sýnd á 1. mynd. Rúmmál þeirra er hverfandi lítið, miðað við sjálf Grímsvötn. Loks bráðnuðu í jökulinn göng, sem innihalda um 120 Gl af vatni og mynduðu um 2000 m² vítt gangakerfi á hlaupleið. Þessi göng hafa tilhneigingu til að síga saman aftur jafnóðum, og ólíklegt er, að göngin hafi nokkurn tímann orðið stærri að þverskurðarflatarmáli en 1000 m².

Straumhraði hlaupvatnsins inni í jökulgöngum hefur verið um 5 m/sek. Er það svipað og undir beru lofti, en flutningsgeta aurburðar er þó miklu meiri í göngunum en á sandinum vegna miklu meira vatnsdýpis. Því berst út úr göngunum mikið magn af sandi og þó nokkuð af mól, sem verður að botnskriði, þegar niður á Skeiðarársand kemur og fellur þar að verulegu leyti út. Breytingar á sandinum í þessu hlaupi voru ekki miklar; hæðarbreytingar mestar nokkrir tugir cm og frekari tilfærsla á grófu efni niður á við fram yfir það, sem úr jöklinum kom.

9.3 ELDGOS Í JÖKLINUM?

Dann 26. mars var aurburður í algjöru hámarki 3-4 sinnum meiri en annars í hlaupinu, auk þess sem hann var að samsetningu að mestu mór og sandur með bergfræði samsetningu gosefna úr Grímsvötnum. Samtímis var nokkur hækun á magni uppleystra efna í hlaupinu. Þessi aurburðartoppur getur verið vegna þess að jökullinn í Grímsvötnum er farinn að setjast á botninn og því upphrært miklu magni af Grímsvatnaefni, en einnig má hugsa sér, að þetta stafi af smágosi undir jöklinum. Seinna atriðið styðst af því, að þessi aurburðartoppur stóð aðeins þennan dag, og á eftir sótti aurburður bæði að magni til og samsetningu í það horf, sem var fyrri hluta hlaupsins. En ísinn hélt áfram að setjast á botninn fram yfir mánaðamót mars-apríl.

